

SUBWAY SMÁKÖKUR

150 gr smjör

100 g púðursykur

50 g sykur

1 pakki Royal vanillubúðingur (eða 100 gr flórsykur)

1 tsk vanillusykur

2 egg

270 g hveiti

1 tsk matarsódi

150 gr smarties

1. Hitið ofninn í 180 gráður (undir og yfirhita)
2. Hrærið smjöri, sykri, púðursykri, vanillubúðingunum og vanillusykrinum mjög vel saman.
3. Bætið eggjunum saman við og hrærið á milli. Bætið þá hveiti og matarsóða saman við. Síðan er smartís að lokum hrært út í.
4. Mótið um 30 kúlur úr deiginu og setjið á smjörpappír með góðu bili á milli þeirra.
5. Bakið í 15 – 20 mín.

